

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit 2007.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	kr.
Íbúðir:	15.000
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	7.500
Fyrirtæki:	
Flokkur 1	4.000
Flokkur 2	7.500
Flokkur 3	12.000
Flokkur 4	30.000
Flokkur 5	60.000
Flokkur 6	90.000
Flokkur 7	120.000
Flokkur 8	240.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum og lögbýlum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjald dagar eru fimm: 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundum hennar þann 25. janúar og 1. febrúar 2007.

Þá hefur gjaldskráin hlotið umfjöllun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit nr. 181/2004.

Þingeyjarsveit, 1. febrúar 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2007